Norðurlandaráð

A 1705/kultur

Flutningur:
Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:
Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Málsnúmer: 16-00312-2

Þingmannatillaga um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs

Tillaga

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún tryggi að tilnefnd verk til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og barna- og unglingabókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs – eða að lágmarki þau verk sem hreppa verðlaunin – verði þýdd á öll norrænu málin og gefin út á rafrænu formi hið minnsta.

Forsaga

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs hafa verið veitt frá árinu 1962. Markmiðið með verðlaununum er að auka áhuga á bókmenntum og tungumálum frændþjóðanna og sameiginlegri menningu Norðurlanda.

Í yfirliti sem unnið var af norska ríkisútvarpinu (NRK) kemur fram að margar verðlaunabókanna hafa ekki komið út á öllum norrænu málunum. Einkum hafa fáar bókanna verið þýddar á tungumál fámennari norrænna málsvæða. Til að mynda hefur engin af verðlaunabókum síðustu tíu ára verið þýdd á samísku eða grænlensku.

Flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði telur mikilvægt að verðlaunabækur Norðurlandaráðs séu þýddar á öll hin norrænu málin og einkum þau sem töluð eru á fámennum málsvæðum, svo sem samísku, grænlensku og færeysku, tungumál sem eru norrænu samstarfi þýðingarmikil.

Úr umfjöllun NRK um efnið:

EFNI
Málið snýst um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, og þá staðreynd að margar verðlaunabókanna koma ekki út á öllum norrænu málunum.

VERKLAG
NRK fór yfir þær bækur sem hlotið hafa verðlaunin allt frá árinu 2006 og kannaði hve margar þeirra hafa verið þýddar á hin ýmsu norrænu mál (sjá meðfylgjandi skjal).
NRK kannaði einnig hve mörg *tilnefnd* verk hafa verið þýdd á norsku.

NIÐURSTÖÐUR

1. Aðeins 35 af 118 tilnefndum verkum (sem eru ekki skrifuð á norsku) hafa verið þýdd á norsku. Það eru 29 prósent eða tæpur þriðjungur.
2. Engin verðlaunabókanna hefur verið þýdd á samísku.
3. Engin verðlaunabókanna hefur verið þýdd á grænlensku.
4. Þríleikur Jons Fosse, sem hlaut verðlaunin í fyrra, hefur ekki verið þýddur á finnsku, samísku, grænlensku eða færeysku.

Kaupmannahöfn, 31. október 2016

Annette Lind (S)
Henrik Dam Kristensen (S)
Irene Johansen (A)
Johan Andersson (S)
Jorodd Asphjell (A)
Karin Gaardsted (S)
Knut Storberget (A)
Kåre Simensen (A)
Lars Mejern Larsson (S)
Lennart Axelsson (S)
Mogens Jensen (S)
Maarit Feldt-Ranta (sd)
Orla Hav (S)
Phia Andersson (S)
Pyry Niemi (S)
Rikard Larsson (S)
Ruth Mari Grung (A)
Sonja Mandt (A)
Suzanne Svensson (S)
Tony Wikström (ÅSD)
Ville Skinnari (sd)

Norðurlandaráð

A 1705/kultur

Flutningur:
Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:
Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Málsnúmer: 16-00312-2